



Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101 REYKJAVÍK  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 24.03.2020  
Tilvísun vor: M-2020-083/00.11

**Efni: Frumvarpi til laga um breyting á lögum um náttúruvernd, nr. 60/2013, 611. mál**

Vísað er til tölvubréfs frá nefndarsviði Alþingis dags. 10. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, með síðari breytingum (óbyggð víðerni), 611. mál.

Í greinargerð með frumvarpinu segir: „Með breytingu þeirri sem hér er lögð til geta opnast möguleikar á framkvæmdum í innan við 5 km fjarlægð frá mörkum friðlýsta svæðisins, svo framarlega sem þær hafi ekki áhrif á verndargildi þess.“ Landsvirkjun tekur undir þetta, en bendir á að það hafi líklega ekki verið ætlun löggjafans að banna framkvæmdir á 5 km svæðis utan þess svæðis sem friðlýst er samkvæmt ákvæðinu. Í umsögn sem fyrirtækið sendi um drög að frumvarpinu við kynningu í Samráðsgátt stjórnvalda (mál nr. 18/2020) er bent á að það þurfi að vera skýrt í texta laganna að ekki sé gert ráð fyrir 5 km mannvirkjalausu belti utan við svæði sem friðlýst eru sem óbyggð víðerni. Í 5. kafla greinargerðar með frumvarpinu er ekki fjallað um þessa athugasemd.

Landsvirkjun hvetur nefndina til að fjalla um þessa ábendingu og leggja til breytingar á texta laganna ef hún telur þörf á.

Landsvirkjun telur umrædda tillögu að lagabreytingu til bóta en telur að samhliða þurfi að gera breytingar á lögnum til að áhrif friðlýsingar nái ekki langt út fyrir friðlýst svæði, sem varla getur talist eðlilegt.

Virðingarfyllst,

Hörður Arnarson  
forstjóri